ALÞÝÐUBLAÐIÐ

Þriðjudagur 19. sept. 1989

Forsætisráðherra gagnrýnir seðlabankastjóra:

Meiri þörf á breyttu inntaki en umgjörð

segir Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra.

„Ég á ekki neinn hlut að þeim yfirlýsingum," sagði Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra þegar Alþýðublaðið ræddi við hann í gær í tilefni ummæla Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra um starfsemi Seðlabankans og seðlabankastjóra. Steingrímur hefur m.a. lýst þeirri skoðun sinni að skipta beri um seðlbankastjóra þegar nýjar ríkisstjórnir taki við völdum. Forsætisráðherra hefur ennfremur varpað fram þeirri hugmynd að endurvekja okurlögin svokölluðu.

„Ég held að það sé meiri þörf fyrir breytingar á inntaki peningamálastjórnarinnar, en fyrir breytingar á umgjörðinni. Ég vil nálgast þannig málið og held að stjórnskipulag sé ekki það sem mestu máli skiptir í þessu sambandi," sagði viðskiptaráðherra.

— Ertu með þessu að gagnrýna yfirstjórn efnahagsmálanna frá hendi forsætisráðherra?

„Nei. Ég tel mig ekki vera að því. Ég sakast ekki við einn þátttakanda í þessu margþátta viðfangsefni," sagði Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra.

Bankaeftirlitið áminnir bankaráðsmenn og bankastjóra:

HÁRRÉTT VARNAÐARORÐ

segir viðskiptaráðherra

„Stundum þarf að segja það sem virðast kann sjálfsagt. — Að menn eigi ekki að vera að fleipra á opinberum vettvangi með viðkvæm viðskipta- og peningamál af þessu tagi," sagði Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra þegar Alþýðublaðið innti hann álits á þeirri ákvörðun Seðlabanka að senda bankaráðsmönnum og bankastjórum Landsbankans bréf þar sem þeir eru minntir á þagnarskyldu í starfi. Í bréfinu er einnig áminning um að hér eftir verði gripið til viðeigandi ráðstafana verði menn uppvísir af því að brjóta bankaleynd.

Aðspurður sagði Jón Sigurðsson að ákvæði í bankalögunum væru nógu skýr. „En það þarf náttúrlega að sýna að þau séu ekki dauður bókstafur. Þess vegna tel ég þessi varnaðarorð bankaeftirlitsins hárrétt," sagði viðskiptaráðherra.

Umfjöllun Bankaeftirlitsins er m.a. til komin vegna ummæla Lúðvíks Jósepssonar bankaráðsmanns vegna viðskipta Landsbankans og Samvinnubankans.

Yfirmaður Atlantshafsflota NATO í opinberri heimsókn:

Keflavíkurstöðin jafn mikilvæg og áður fyrir NATO

Yfirmaður Atlantshafsflota Atlantshafsbandalagsins, Frank B. Kelso yfirflotaforingi, var staddur hér á landi í gær í opinberri heimsókn í boði Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra. Heimsóknin hingað til lands var fyrsta embættisför Kelso eftir að hann varð einn af þremur yfirflotaforingjum Atlantshafsflotans.

Jón Baldvin og Kelso ræddust við í gærmorgun. Á stuttum blaðamannafundi í ráðherrabústaðnum sagði utanríkisráðherra að viðræðurnar hefðu fyrst og fremst snúist, samskipti Íslendinga við Varnarliðið og hefði verið farið yfir býsna mörg mál. Meðal annars var rætt um framkvæmdir Varnarliðsins, uppbyggingu ratsjárstöðvanna, hlut Íslendinga að því er varðar hugbúnað í ratsjárstöðvunum, nýju vatnsveituna á Suðurnesjum og niðurstöður æfinganna á sl. vetri. Þá var m.a. rætt um varaflugvallarmál.

Utanríkisráðherra sagði ekki ástæðu til að skýra frá neinum niðurstöðum eftir viðræðurnar, því hér hefði fyrst og fremst verið um gagnlegan vinnufund að ræða.

Kelso sagði aðspurður að hlutverk stöðvarinnar í Keflavík væri jafnmikilvægt fyrir Nato og áður, þrátt fyrir betri samskipti á milli austurs og vesturs.



Frank B. Kelso, yfirflotaforingi, og Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra ræddu stutt við blaðamenn í ráðherrabústaðnum. A-mynd/E.Ól.

Bankastjórar á fund ráðherra

Bankastjórar Landsbankans hitta Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra að máli í dag vegna fyrirhugaðra kaupa Landsbankans á Samvinnubanka, en ráðherrann tekur ákvörðun þegar álit Bankaeftirlitsins og Ríkisendurskoðunar liggur fyrir.

Fyrirframsala á síld:

Svíar og Finnar með 60—70 þúsund tunnur

Samningar hafa tekist við fulltrúa helstu saltsíldarinnflytjendur Í Svíþjóð og Finnlandi um söluverð og aðra söluskilmála í fyrirframsölu á síld. Með fyrirvara um staðfestingu á endanlegu samningsmagni liggur fyrir að um svipað magn verður og í fyrra eða samtals 60—70 þúsund tunnur.

Samkvæmt hinum nýja samningi við þessa aðila hækkar söluverðið á hefðbundnum tegundum um 6—7% frá fyrra ári, en söluverðið er í sænskum krónum og finnskum mörkum.

Samningaumleitanir um fyrirframsölu á saltaðri síld til Sovétríkjanna eru þegar hafnar, en formlegar samningaviðræður hafa enn ekki hafist og ennþá liggur ekki ljóst fyrir hvenær sovétmenn verða tilbúnir til viðræðna.

Erró gaf borginni um tvö þúsund listaverk

Korpúlfsstaðir ný listamiðstöð

Við opnum málverkasýningar Errós á Kjarvalsstöðum á laugardaginn, skýrði borgarstjórinn, Davíð Oddsson, frá því í ræðu við opnunina að listamaðurinn hefði ákveðið borginni um 2000 listaverk. Verkinn spanna allan listamannsferil Errós, allt frá æsku fram á daginn í dag. Gjöfinni fylgdi einnig fyrirheit um fleiri verk í framtíðinni.

Borgarstjórinn í Reykjavík sagði að fyrirhugað væri að koma verkum Errós fyrir á listamiðstöð að Korpúlfsstöðum. Auk þess að húsa listaverk Errós er fyrirhugað að vera með ýmiss konar menningarstarfsemi að Korpúlfstöðum svo sem leiklist, höggmyndalist, tónlist og ritlist.

Gjöf Errós er mikil fengur fyrir höfuðborgina og reyndar alla landsmenn. Erró er án efa þekkasti myndlistarmaður sem þjóðinn hefur eignast og er það ómetanlegt að hann skuli hafa kosið að listaverkasafn hans verði varðveitt hér á landi en hann hefur lengst af starfað erlendis eins og alþjóð er kunnugt.

VEÐRIÐ Í DAG

Allhvöss norðaustanátt með rigningu á Norður- og Austurlandi, en þurrt og sums staðar bjart verður Suðvestanlands. Hiti verður á bilinu 4—12 stig. Hlýjast á Suðausturlandi.

